

Tillaga borgarfulltrúa Viðreisnar um stofnun innviðasjóðs Reykjavíkur

Lagt er til að Borgarstjórn Reykjavíkur feli borgarstjóra, í samráði við fjármála- og áhættustýringarsvið, að greina og útfæra stofnun sérstaks innviðasjóðs Reykjavíkur innan A-hluta borgarinnar. Markmið sjóðsins verði að styðja við fjármögnun innviðauppbýggingar, svo sem leikskóla, skóla, samgöngumannvirkja og menningar- og íþróttamannvirkja, og/eða stuðla að niðurgreiðslu skulda sem tengjast slíkum innviðafjárfestingum. Í greiningunni verði sérstaklega fjallað um mögulega tekjustofna sjóðsins, þar á meðal arðgreiðslur frá B-hlutafélögum borgarinnar og valdar einsskiptistekjur, afmörkun sjóðsins gagnvart rekstrarútgjöldum, áhrif á fjárhagslega stöðu, skuldsetningu og fjárfestingagetu borgarinnar til lengri tíma, og hvernig fyrirkomulag sjóðsins samræmist gildandi eigendastefnu Reykjavíkur og markmiðum um gagnsæi og ábyrga fjármálastjórn. Borgarstjóra verði falið að leggja fram lokatillögu á grundvelli greiningarinnar til afgreiðslu í borgarstjórn.

Greinargerð

Innviðasjóður Reykjavíkur er fjárfesting í framtíð borgarinnar. Reykjavík er borg í stöðugri þróun, íbúum fjölgar og þjónustubörf eykst. Samhliða þessum vexti standa borgaryfirvöld frammi fyrir sífellt flóknari verkefnum þegar kemur að uppbyggingu og viðhaldi grunninnviða samfélagsins, s.s. leikskóla, skóla, samgöngumannvirkja og menningar- og íþróttamannvirkja. Þetta eru innviðir sem skipta borgarbúa máli í dag og verða enn mikilvægari til framtíðar.

Til þess að mæta þessum áskorunum þarf fjármögnun innviða að byggja á skýrri framtíðarsýn, stöðugleika og ábyrgri langtímahugsun. Innviðauppbýgging er ekki tímabundið verkefni heldur viðvarandi skuldbinding við núverandi og komandi kynslóðir borgarbúa. Því er mikilvægt að fjármögnun slíkra verkefna sé skipulögð með markvissum og gagnsæjum hætti.

Hugmyndin um innviðasjóð Reykjavíkur byggir á þessari hugsun. Markmið sjóðsins væri að skapa skýra og sýnilega leið til að tengja ákveðnar tekjur borgarinnar beint við uppbyggingu og fjármögnun innviða, auk niðurgreiðslu skulda sem tengjast slíkum fjárfestingum. Með því væri dregið úr því að fjárfestingar í framtíð borgarinnar séu fyrst og fremst fjármagnaðar með aukinni skuldsetningu eða ófyrirsjáanlegum lausnum.

Borgin hefur yfir að ráða tekjustofnum sem henta sérstaklega vel til slíkrar framtíðarfjárfestingar. Þar má nefna arðgreiðslur frá B-hlutafélögum borgarinnar, sem endurspegla ávöxtun sameiginlegra eigna borgarbúa, sem og valdar einsskiptistekjur á borð við sölu byggingarréttar, sölu eigna og innviðagjöld. Með því að eyrnamerkja slíkar tekjur í sérstakan innviðasjóð væri tryggt að þær nýtist með markvissum hætti til langs tíma, í stað þess að renna óskilgreint inn í heildarsjóð borgarinnar. Slík ráðstöfun fjármuna gerir þá kröfu að fjármál borgarinnar séu skipulögð og úthlutað út frá því að grunntekjur borgarinnar, s.s. útsvar og fasteignagjöld, dugi fyrir rekstri A-hluta borgarinnar.

Innviðasjóður myndi jafnframt styrkja fjárhagslegan stöðugleika borgarinnar. Með skýrri aðgreiningu á milli rekstrarútgjalda annars vegar og fjárfestinga í innviðum hins vegar má bæta yfirsýn, forgangs röðun og áætlanagerð. Slík nálgun stuðlar að meira gagnsæi gagnvart borgarbúum og eykur traust á því hvernig sameiginlegum fjármunum er ráðstafað.

Mikilvægt er að undirstrika að innviðasjóður væri ekki ætlaður til að mæta daglegum rekstri borgarinnar. Þvert á móti væri sjóðurinn skýrt afmarkaður við langtímafjárfestingar og skuldalækkun, í samræmi við ábyrga fjármálastjórn og eigandahlutverk borgarinnar. Í því samhengi er eðlilegt að horfa til gildandi eigendastefnu Reykjavíkur og tryggja að fyrirkomulag sjóðsins styðji við þau markmið sem þar eru sett fram.

Gert er ráð fyrir að innviðasjóður Reykjavíkur verði skilgreindur sem bókhaldsleg eining innan A-hluta borgarinnar, með skýra og aðgreinda framsetningu í fjárhagsáætlun og ársreikningi. Sjóðurinn yrði þannig hluti af heildarfjármálum borgarinnar og lúti sömu kröfum um gagnsæi, aðhald og lýðræðislega ábyrgð og önnur fjáreiða A-hluta.

Jafnframt er gert ráð fyrir að borgarstjórn setji skýra umgjörð um notkun sjóðsins og reglur, þar sem afmörkun hans gagnvart rekstrarútgjöldum, forgangsörðun verkefna og tengsl við skuldalækkun verði skilgreind. Með þessu er tryggt að innviðasjóður verði ekki óljós og ógagnsær sjóður utan A-hlutans, heldur markvisst stjórnþæki sem samræmist gildandi lögum, reikningskilareglum og markmiðum um ábyrga fjármálastjórn.

Með þessari tillögu er ekki verið að leggja fram fullmótaða lausn heldur að kalla eftir faglegri greiningu og útfærslu. Markmiðið er að borgarstjóri, í samráði við fjármála- og áhættustýringarsvið, leggi fram rökstudda lokatillögu sem tekur til tekjustofna, fyrirkomulags og áhrifa innviðasjóðs Reykjavíkur.

Með því er stigið mikilvægt skref í átt að ábyrgri, gagnsærri og framtíðarmiðaðri fjármögnun innviða í Reykjavík. Fjárfestingu sem þjónar ekki aðeins þörfum dagsins í dag, heldur einnig hagsmunum næstu kynslóða.